

Stefnivargur í Akureyjum

Written by Strandagaldur

Wednesday, 09 November 2005 23:34

Einu sinni bjó ríkismaður í Akureyjum, allra mesti maurapúki, sem aldrei tímdi að víkja fátækum neinu. Galdramaður nokkur sendi honum til hefnda fyrir þetta músavarg svo mikinn að þær eyddu öllu sem bóndinn átti og hann dó seinast í mesta armóð; eftir þetta voru mýsnar langan tíma á eyjunni. Gjörði þá eigandi þeirra boð eftir öðrum galdramanni. Hann kom og lét steikja handa sér heilt sauðarlæri og settist niður með það á eyinni og ætlaði að fara að snæða það. En undireins voru mýsnar komnar hópum saman utan um hann til að fá sér bita með honum. Galdramaðurinn stóð þá upp aftur, tók steikarlærið í hönd sér, gekk með það heim og innan um allan bæ og síðan út á ey aftur þangað til hver einasta mús sem til var á eyinni var komin utan um hann. Þá snaraði hann lærinu í djúpa gröf sem hann hafði áður látið grafa til þess. En mýsnar stukku allar á eftir steikinni ofan í gröfina; lét hann þá þegar byrgja gröfina aftur og lagði um leið blátt bann fyrir að haggja við henni nokkurn tíma framar. Eftir það var lengi engin mús í Akureyjum. Mörgum árum seinna lét eigandi eyjanna sem þá var leggja þar grundvöll að nývirki nokkru og þá voru menn svo vanhyggirnir að opna gröfina aftur. Þustu þá mýslur upp á augabragði og eru síðan allt til þessa dags til kvalræðis fyrir eyjar þessar sem annars eru svo vel úr garði gerðar.

Þjóðsögur Jóns Árnasonar,

I. bindi, bls. 425-426